



Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Umsögn um áskoranir og lykilþætti þjóðgarða og friðlýstra svæða

Landvarðafélag Íslands fagnar þeirri viðleitni og vinnu sem á sér nú stað innan umhverfis-, orku- og auðlindaráðuneytisins um kortlagningu stöðu og áskorana á friðlýstum svæðum. Fulltrúar félagsins áttu fund með starfshópi umhverfis-, orku- og auðlindaráðherra sem hefur nú skilað af sér skjali með samantekt á lykilþáttum og áskorunum á friðlýstum svæðum. Umsögn Landvarðafélagsins er að nokkru skipt niður í sömu efnisröð og afurð starfshópsins.

Skipulag stofnana og samræming stjórnsýslu

Starfshópurinn leggur til að stjórnsýsla stofnana sem reka friðlýst svæði verði samræmd og að fyrirkomulag þjónustu verði einfaldað. Landvarðafélagið tekur heilshugar undir sjónarmið hópsins um samræmingu þjónustunnar og ítrekar jafnframt viðhorf sitt um að slíkri samræmingu verði best náð með sameiningu þeirra stofnana sem annast friðlýst svæði og náttúruvernd ríkisins. Með því yrði bæði farið betur með opinbert fé og komið í veg fyrir tvíverknað innan ólíkra stofnana heldur auk þess mætti ná mörgum þeirra undirpunkta sem nefndir eru af nefndinni í einni aðgerð. Má þar nefna ábendingar er varða samræmingu: gjaldtöku, ferli leyfisveitinga, atvinnustefnu, stjórnsýslu, merkingar og upplýsingamiðlun. Það myndi jafnframt auka sérþekkingu á sviði náttúruverndar sem gæti t.a.m. stuðlað að aukinni áherslu á rannsóknir sem starfshópurinn vísar að síðar. Landvarðafélagið tekur undir áherslu hópsins á eflingu rannsókna t.a.m. þegar kemur að þolmörkum svæða, efnahagslegum áhrifum friðlýsinga og möguleikum við stýringu gesta friðlýstra svæða, sem hefur verið ábótavant.



Samræming landvörslu á einum stað hefði bein jákvæð áhrif á störf landvarða til að mynda á starfsstöðvum sem liggja saman, en er í dag stýrt af ólíkum stofnunum. Boðleiðir myndu einfaldast og þá má leiða líkur að því að útteiling fjármagns á milli starfssvæða yrði sanngjarnari og forgangsriðun framkvæmda yrði samræmdari. Fyrir gesti yrði stjórnsýsla, leyfisveitingar og ásýnd samræmdari þar sem um aðeins eina stofnun væri að ræða.

Mannaflapörf og fjármögnun

Landvarðafélagið tekur undir ábendingar um að gerð verði áætlun um mannaflapörf á friðlýstum svæðum, byggt á samræmdum mælikvörðum t.a.m. þjónustubörf, núverandi og framtíðar gestafjölda, ástandi svæða, fyrri uppbyggingu o.s.frv. Landvarsla hefur verið undirfjármögnuð og mikil óvissa hefur oft á tíðum fylgt fjármagni sem hefur áhrif á starfsöryggi landvarða. Þótt aukning hafi verið í heilsársstöðum og vetrarlandvörslu sl. ár þá hefur þróunin verið of hæg og nauðsynlegt er að tryggja atvinnuöryggi og fyrirsjáanleika ráðninga á meðal landvarða. Þetta óvissuástand hefur haft bein áhrif á stöðugleika og rekstur friðlýstra svæða og þjóðgarða. Þá áréttar félagið þá skoðun sína að framkvæmdir skuli frekar vera fjármagnaðar með sértekjum (s.s. endurgjaldi vegna sölu varnings, þjónustu eða innheimtu þjónustugjalda) en að ráðning starfsfólks og veitt þjónusta skuli fjármögnuð með framlögum úr ríkissjóði. Slíkt myndi tryggja aukinn fyrirsjáanleika við ráðningar og stuðla að uppbyggingu mannauðs. Til þess að það megi verða þarf lagabreytingu til líkt og hópurrinn bendir á.

Aðkoma nærsamfélaga

Landvarðafélagið tekur undir að auka þurfi samstarf við nærsamfélög og auka aðkomu heimafólks að stjórn friðlýstra svæða. Ein aðalforsenda farsællar stjórnunar slíkra svæða er aðkoma þess sem er því miður ekki tryggð t.a.m. í stjórnkerfum Umhverfisstofnunar og Þjóðgarðsins á Þingvöllum. Íbúar hverjum stað eru sérfræðingar í sínu nærumhverfi og því mikilvægt að leita í þeirra þekkingarbrunn.

LANDVARÐAFÉLAG ÍSLANDS

landverdir@landverdir.is
landverdir.is



Reykjavík, 21. október, 2022

Byggðamál og atvinnuuppbygging

Landvarðafélagið fagnar því að tekið er á húsnæðismálum landvarða og annarra starfsmanna friðlýstra svæða. Mikill skortur hefur verið á íbúðarhúsnæði fyrir starfsfólk í grennd við starfsstöðvar friðlýstra svæða og oft á tíðum hafa landverðir og annað starfsfólk þurft að búa við óviðunandi aðstæður. Núverandi ástand er ekki til þess fallið að aðfluttir geti skotið rótum.

Öryggi og viðbragð

Landvarðafélagið sér töluverð tækifæri í auknu samstarfi starfsfólks friðlýstra svæða, viðbragðsaðila og almannavarna. Starfsfólk á friðlýstum svæðum sinnir mikilvægu öryggishlutverki t.a.m. þegar slys ber að höndum eða þegar náttúruvá er yfirvofandi (t.a.m. vegna jökulhlaupa, yfirvofandi eldgosa eða annarrar vár). Víða er verklag ekki nægilega samræmt og kunnátta starfsfólks á bæði staðhátum og ferðum fólks á svæðum ekki nýtt til fulls. Þá er jafnframt mikilvægt að tryggja öryggi starfsfólks á svæðunum með góðum og samræmdum fjarskiptum.

Fyrir hönd Landvarðafélags Íslands

Benedikt Traustason

Varaformaður

